

Kalka sorpeyðingarstöð sf.
Berghólabraut 7
230 Reykjanesbær

Reykjavík, 11. september 2020
UST202002-182/H.R.A.
08.14.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 8. maí sl. þar sem stofnunin féllst á úrbótaáætlun rekstraraðila vegna fráviks er fram kom í eftirliti með sorpbrennslu Kólku sorpeyðingarstöðvar sf. í Helguvík, þann 5. desember 2019. Í þeirri úrbótaáætlun sá rekstraraðili fyrir að úrbótum fráviks yrði að mestu lokið 1. júlí sl. þó með fyrirvara vegna óvenjulegs ástands vegna COVID-19. Í bréfi rekstraraðila til stofnunarinnar þann 30. júní sl. var gerð grein fyrir framvindu verkefna og upplýst með hvaða hætti hefði reynt á þá fyrirvara sem fram voru settir. Hin 16. júlí 2020 barst stofnuninni uppfærð úrbótaáætlun vegna þessa fráviks.

Frávikið er eftirfarandi:

- 1. Gr. 5.4 í starfsleyfi.** Við símælingar í útblæstri fara toppar í styrk SO_2 , HCl og NO_x yfir losunarmörk sem gefin eru upp í starfsleyfi. **Samkvæmt uppfærðri úrbótaáætlun rekstraraðila hefur verulegur árangur náðst við að halda vetnisklóriði (HCl) og brennisteinsdíoxíði (SO_2), sem oft hafa verið þeim erfið, undir starfsleyfismörkum síðan nýtt basískt íblöndunarefni var tekið í notkun 21. maí sl. Efnið, Sodium Bicarbonate, gefur mun betri raun en sambærileg efni frá öðrum birgjum hafa gert á síðustu árum. Þá hefur magn nítroxíðs (NO_x) snarlækkað eftir að gerðar voru lagfæringar á loftun í brennsluofni. Við það dró verulega úr þörf fyrir blástur í eftirbrennslu. Greiningu á fylgni innmötunar efnis úr ólíkum straumum og efna í útblæstri verður haldið áfram sem almennu umbótaverkefni. Það verkefni verður þó ekki hluti af sérstakri áætlun vegna útblásturs. Einnig eru endurbætur á innvigtunarkerfi í farvegi. Kalka vinnur þessa dagana í góðu samstarfi við hugbúnaðarfyrirtæki að breytingum á fyrirliggjandi kerfi sem á að auka yfirsýn yfir efni sem berast til og frá Helguvík. Aflestur fjölgasamælinga utan brennslustöðvar er mál sem ekki hefur verið leyst tæknilega en í staðinn hefur verið komið á verklagi sem örvar upplýsingaflæði um efni í útblæstri. Áfram verður leitað leiða til að færa aflestur fjölgasamælingar nær stjórnendum Kólku og verður vöktun aukin þar til því hefur verið náð. Starfsmönnum á vakt í brennslu verður gert að fylgja nýju verklagi um skráningu gilda umfram leyfileg mörk. Rekstrarstjóri brennslu mun svo tryggja að flöggun starfsmanns kalli á tafarlausa skoðun á útblástursgögnum. Jafnframt stendur til að endurskoða, uppfæra verklag og innleiða nýjar verklagsreglur í brennslu. Hér er einkum átt við verklag sem varðar innmötun efnis og hitastýringu í brennslu og eftirbrennslu, áætluð verklok þessa þáttar eru eigi síðar en 15. September nk.. Fyrirhuguð er**

uppsetning á nýjum innmötunarbúnaði fyrir virk kol. Einnig stendur til að endurnýja eldmúr í hluta eftirbrennslu og þéttinga á brennsluofni, stefnt er að því að þessum þáttum verði lokið í síðasta lagi 15. október nk.

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.


Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. Gjaldið er **13.200 kr**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst


Skúli Þórðarson
Sviðsstjóri


Helga Rut Arnarsdóttir
Lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurnesjasvæðis